




# LEYFI



*Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið leyfi til neðangreinds:*

**Leyfishafi:** ÍBV-Íþróttafélag,  
kt: 680197-2029

**Vegna:** Þjóðhátíðar 2021,  
Herjólfsdalur

**Ábyrgðaraðili:** Haraldur Pálsson, kt. 260489-3729,  
gsm: 8997996

**Starfsemi:**

Útisamkoma

Veitingasala

Flugeldasýning

00.05

Flugeldasýning

00.15

Flugeldasýning

00.05

Varðeldur/Brenna

03.00

**Leyfið gildir:**

30. júlí – 2. ágúst 2021

30. júlí – 2. ágúst 2021

30. júlí 2021, kl: 23:59-

31. júlí 2021, kl: 23:59-

1. ágúst 2021, kl: 23:59-

30. júlí 2021, kl: 23:59-

Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði fyrir útisamkomur, veitingasölu, flugeldasýningar og brennur, eftir því sem við á.

**Útisamkoma:**

1. Útisamkoma er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana



fyrir almenning, á stöðum sem ekki hafa starfsleyfi. Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu samkomusvæðis að gestir verði ekki fyrir ónæði frá umhverfinu og ónæði berist ekki frá samkomusvæði til nálægna íbúðasvæða.

2. Rekstraraðili ber ábyrgð að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
3. Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
4. Fjöldi snyrtinga skal vera í samræmi við fylgiskjal 2 í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002. Á bæjarhátíðum er heimilt að taka tillit til aðgengi almennings að snyrtingum sem fyrir eru á svæðinu, þegar fjöldi útisalerna er áætlaður. Taka skal mið af þörfum fatlaðra við staðsetningu og stærð snyrtinga. Rekstraraðili skal sjá um að snyrtingar séu þrífna og tæmdar reglulega.
5. Rekstraraðili skal sjá um að umgengni um samkomusvæðið sé góð, að því sé haldið hreinu og snyrtilegu og að almenn öryggissjónarmið séu uppfyllt. Skal svæðið þrifið jafnóðum og eigi sjaldnar en daglega. Ruslabiður skulu vera hæfilega margar og aðgengilegar og þær tæmdar reglulega. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Í lok útisamkomunnar skal rekstraraðili láta fara fram allsherjarhreinsun á svæðinu og fjarlægja allt rusl og þau mannvirki sem notuð voru sérstaklega vegna hennar.
6. Reglur um akstur á svæðinu skulu vera sýnilegar og akstursleiðir afmarkaðar.
7. Rekstraraðili skal gæta þess að virða þau mörk fyrir hávaða á útisamkomum sem fram koma í töflu V í viðauka með reglugerð nr.724/2008 um hávaða.

#### **Veitingasala:**

1. Starfsemin má ekki hafa í för með sér ónæði, umhverfismengun og/eða óhollustu í sambandi við geymslu, flutning eða sölu matvæla.
2. Staðsetning, hönnun, gerð, viðhald og þríf starfssvæðis skal vera þannig að matvælin óhreinast ekki eða spillist. Við hönnun og fyrirkomulag á búnaði skal gæta þess að ekki sé hætta á krosssmiti vegna hrárra og matreidda matvæla, efna, hluta, lofts eða vatns.
3. Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að viðunandi salernisaðstöðu, ásamt aðstöðu til handþvotta, almenns hreinlætis og fataskipta.
4. Gæta skal ítrasta hreinlætis við meðferð matvæla. Koma skal á og reka innra eftirlit



sem nái til allra hluta fyrirtækisins þar sem unnið er með matvæli, þ.m.t. flutningatækja. Umfang og framkvæmd innra eftirlitskerfisins skal vera í samræmi við umfang og eðli fyrirtækisins.

- Öll matvæli skulu geymd við viðeigandi hitastig. Matvæli sem geyma á í kæli eða sem framreiða á köld, skal kæla svo fljótt sem auðið er og geyma við 0 – 4°C. Heitum réttum skal haldið heitum við a.m.k. 60°C.
- Í söluvagni/tjaldi skal vera sótthreinsandi spritt og einnota hanskar sem starfsmenn skulu nota þegar þeir handleika matvæli. Starfsfólk skal hylja hár ef unnið er við óvarin matvæli. Vinnufatnað skal þvo við viðurkenndar aðstæður.
- Starfsfólk skal hafa fengið viðeigandi fræðslu í gæða- og hollustumálum þ.e. um mikilvægi hreinlætis, hanskanotkun, viðeigandi hitastig í matvælum, hættu á krossmengun, smitsjúkdómum og sárum. Starfsfólk skal hafa kynnt sér bæklinginn „Með allt á hreinu“ eða sambærilegt fræðsluefni og umgengisreglur fyrirtækisins.

#### **Flugeldasýning:**

- Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir flugeldasýningu er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögreglu yfirvalda fyrir sýningunni.
- Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að hún valdi sem minnstu ónæði.
- Óheimilt er að hefja flugeldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

#### **Varðeldur/brenna:**

- Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögreglu yfirvalda fyrir brennunni.
- Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
- Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.



5. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.
6. Fyllstu varúðar skal gætt við bálkóst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
7. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmat.
8. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi.
9. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

**Farið skal að fyrirmælum sveitarfélags, byggingarnefndar og Brunavarna um staðsetningu, opnunartíma og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.**

*Leyfi þetta er bundið við ofanskráða kenntölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Selfossi, xx. xxx 2021,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

xyz,  
heilbrigðisfulltrúi.